

Sþ. 127. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á lífeyri starfsmanna ríkisins.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir, Kristín Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að þeir, sem taka lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, fái greidda á hann fulla verðlagsuppbót samkvæmt þeim reglum, sem gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna ríkisins.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er greidd verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins og á bætur, sem greiddar eru samkvæmt lögum um almannatryggingar. Einnig er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1952, að verðlagsuppbót verði greidd á eftirlaun samkvæmt 18. gr. fjárlaga. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins greiðir hins vegar lífeyri án verðlagsuppbótar, og verða því kjör þeirra, sem taka lífeyri úr þeim sjóði, miklu lakari en annarra, sem fá hliðstæðar greiðslur. Í tillögu þeirri, sem hér er fram borin, er lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að sjá svo um, að bætt sé úr þessu misrétti, þannig að þeir, sem taka lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, fái framvegis greidda verðlagsuppbót eftir þeim reglum, sem gilda um greiðslu verðlagsuppbótar til starfsmanna ríkisins.